

# Látrabjarg og nágrenni

2017



Landvarsla, ástand innviða og staða friðlýsingar



UMHVERFISSTOFNUN

## Efnisyfirlit

Umferð og komutölur.....	3
Veður og færð .....	5
Umferð frá sjó.....	6
Landvarsla sumarið 2017.....	8
Framkvæmdir .....	9
Umgengni ferðamanna.....	11
Óheimil næturdvöl .....	12
Utanvegaakstur .....	12
Keflavík .....	12
Dýralíf og nytjar .....	13
Ástand innviða.....	14
Bílastæði .....	14
Göngustígar .....	15
Tröppur.....	18
Skilti .....	18
Salerni.....	18
Vegir .....	19
Friðlýsing Látrabjargs.....	19
Lokaorð.....	22
Heimildir .....	23
Myndir .....	23

Látrabjarg er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar má finna mestu fuglabjörg við Norður-Atlantshaf og í því liggur aðdráttaraflíð helst; stórkostlegri náttúru og tegundaauðgi fugla. Látrabjarg er vestasti oddi Íslands og Evrópu, ef Asóreyjar eru undanskildar. Þó svo að þorri ferðamanna gangi um bjargið og náttúruna af virðingu hefur svæðið, þar sem mestur ágangur ferðamanna er, látið verulega á sjá og áhöld eru um það hvort fuglinn verði fyrir of miklum truflunum vegna ferðamanna<sup>1</sup>.

Látrabjarg er númer 307 á náttúruminjasrá en er ekki friðlýst. Tilraunir til friðlýsingar hafa staðið yfir í nokkur ár en svæðið fór fyrst inn á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Helst hefur strandað á því að Látrabjarg og nágrenni er í eigu fjölmargra aðila sem ekki eru á eitt sáttir um hvernig standa beri að því að vernda náttúru svæðisins. Umhverfisstofnun viðhefur lágmarkseftirlit á svæðinu í umboði landeigenda en full sumarlandvarsla var á árunum 2012 – 2014. Árið 2015 var verulega dregið úr landvörslu þar sem lögbundin umsjón friðlýstra svæða á sunnanverðum Vestfjörðum var látin ganga fyrir. Innviðaupbygging, álagsstýring og landvarsla eru Látrabjargi og nágrenni nauðsynleg svo vernda megji hina sérstæðu náttúru sem þarna er að finna og koma í veg fyrir óafturkræfa hnignun.

## Umferð og komutölur

Ferðamönnum hélt áfram að fjölga lítillega á Látrabjargi í sumar en þó ekki með sama þunga og fyrri ár. Um miðjan júlí árið 2016 var settur upp teljari við Örylgshafnarveg númer 612 á vegum Rögnvaldar Ólafssonar og Gyðu Þórhallsdóttur. Þau unnu skýrslu fyrir Stjórnstöð ferðamála sem kom út í febrúar 2017 og var teljarinn við Örylgshafnarveg einn þriggja teljara á þeirra vegum á Sunnanverðum Vestfjörðum<sup>2</sup>. Í skýrslu þeirra um dreifingu ferðamanna um landið 2016 var m.a. stuðst við tölur úr skynditalningum Vegagerðarinnar árið 2015 til að fá samanburð umferðar milli ára á Látrabjargi. Samkvæmt þeim samanburði jókst haustumferð á Látrabjarg um 26% á milli áranna 2015 og 2016 (samanburðardagsetningar eru 8. ágúst – 2. september)<sup>3</sup>.

---

<sup>1</sup> Landverðir á Látrabjargi gerðu fyrir nokkrum árum óformlega könnun á því hvert ferðamenn sem koma á Bjargtanga fara. Það var gert með því að fylgjast með fólki og telja hversu hátt hlutfall þeirra fer upp fyrir Smáhamra og Ritugjá sem er í ca. 450 m fjarlægð frá vita. Stefnið við Ritugjá er góður útsýnisstaður, þar má skoða fuglinn í gjánni sjálfri, vitinn á Bjargtöngum blasir við til vesturs en bergveggurinn og Barðið í austur. Í ljós kom að yfir 70% ferðamanna ganga ekki lengra en að Stefninu. Þungi þeirra tugþúsunda ferðamanna sem árlega sækir staðinn heim er því einangraður á tiltölulega litlum bletti og þar er skortur á innviðum og álagsdreifingu sárastur.

<sup>2</sup> Hinir teljararnir voru staðsettir við Dynjanda annars vegar og Rauðasandsveg, hins vegar.

<sup>3</sup> Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2016, bls. 16.

Í ár var teljarinn settur upp þann 25. maí og lesið af honum þann 10. október. Teljarinn verður við veginn fram á haust 2018 og þá munu liggja fyrir tölur er sýna umferð um veginn að Látrabjargi árið um kring. Jafnframt munu þá liggja fyrir áreiðanlegar samanburðartölur milli ára frá heilu sumri. Þegar þessi skýrsla er skrifuð liggja fyrir grunntölur um umferð á svæðinu fyrir ofangreint tímabil 2017 en skýrsla Rögnvaldar og Gyðu kemur að líkindum út á fyrstu mánuðum ársins 2018. Heildarfjöldi þeirra gesta sem sóttu svæðið heim á þeim tíma frá því að teljari var settur upp og þar til lesið var af honum er 60.241<sup>4</sup> en við útreikninga eru notaðar staðlaðar ISO 8603 vikur til að minnka frávik milli ára<sup>5</sup>. Samkvæmt þeim eru tímabilin eftirfarandi:

Vor: vikur 23-27

Háönn: vikur 28-32

Haust: vikur 33-37



Mynd 1: teljari við veg 612. Horft niður í Örlygshöfn

Sem fyrr segir hefur hægst á aukningu umferðar út á bjarg í ár. Umferð jókst um 2% í ágúst og 7% í september milli ára 2016 og 2017<sup>6</sup>. Þetta eru þó vísbendingar í átt að því að ferðatímabilið sé enn heldur að teygjast fram á haustið og rímar það við tölur á öðrum viðkomustöðum á Vestfjörðum. Í talningum ársins kemur enn fremur fram að umferð um helgar eykst lítillega frá árinu á undan á kostnað umferðar á virkum dögum en umferðarpunginn eftir tíma sólarhrings breytist lítið. Flestir fara um veginn að Látrabjargi á milli klukkan 13:00 og 16:00 og stjórnast það e.t.v. að nokkru leyti af komutíma fyrri ferðar ferjunnar Baldurs að Brjánslæk<sup>7</sup>.

<sup>4</sup> E. Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2017, bls. 5.

<sup>5</sup> Sama, bls. 5.

<sup>6</sup> Sama, bls. 6.

<sup>7</sup> Sama, bls. 7.

	2016	2017
Vor		523
Háönn		687
Haust	373	<b>395</b>

Tafla 1: Meðalfjöldi gesta á Látrabjargi á dag eftir tímabilum.

	2016	2017
Vor		18.297
Háönn		24.038
Haust	13.059	13.839
Samtals		<b>56.174</b>

Tafla 2: heildarfjöldi gesta á Látrabjargi eftir tímabilum

Annasamasti dagur ársins var 29. júlí 2017 þegar 260 bifreiðar alls fóru um veginn. Meðalfjöldi bifreiða á dag var 149 að vori, 196 á háönn og 113 að hausti<sup>8</sup>. Tölur um þjóðerni gesta liggja ekki fyrir en samkvæmt tilfinningu er mjög stór hluti þeirra erlendir ferðamenn og bílaleigubílar eru áberandi.

### Veður og færð

Sumarið hófst snemma og maí var óvenju hlýr miðað við fyrri ár en meðalhiti á Bjargtöngum var tæpar 7°C í mánuðinum, fór hæst í 15°C og gróður tók vel við sér. Júní var nokkuð svalari í samanburði við júnímánuði fyrri ára en þá var meðalhiti tæpar 8°C og fór hæst í 14°C. Í júlí var meðalhiti rúmar 10°C en mældist hæst tæpar 16°C og í ágúst var meðalhiti tæpar 10°C og mældist hæst 14,6°C.<sup>9</sup> Gróður fór vel af stað en sumarið var á köflum blautt þó þornaði vel upp á milli og blíðviðrisdagar væru ófáir.

Vel var fært út á bjarg snemma vors og um mánaðamót apríl/maí var orðið alveg snjólaust. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var vegur 612 á Látrabjarg heflaður sex sinnum yfir sumarið og tvisvar að auki var kaflinn sem liggur um Látravíkina einn heflaður vegna slæms ástands<sup>10</sup>. Vegur 612, frá Hvallátrum að Bjargtöngum, annar mjög illa því álagi sem umferð um hann veldur og ekki er óalgengt að ferðamenn tjóni bíla sína. Engin stærri eða mannskæð óhöpp urðu þó svo vitað sé til. Nokkuð ber á því að grjót hrynji úr veginum undir Brunnanúpi. Þetta á sér stað árið um kring en er sérstaklega slæmt þegar frost leysir úr jörðu. Ferðafólk sést gjarnan grjóthreinsa veginn auk þess sem landvörður týndi úr honum grjót þegar hann átti leið um og ábúandi á Hvallátrum var einnig ötull við það.

<sup>8</sup> E. Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2017, bls. 1.

<sup>9</sup> Veðurstofa Íslands (e.d.).

<sup>10</sup> Bríet Arnardóttir, Vegagerðin á Patreksfirði, símtal, 4. janúar 2018.

## Umferð frá sjó

Nokkuð hefur borið á komum skemmtiferðaskipa að Látrabjargi síðustu sumur og það er tilfinning landeigenda að sú umferð hafi aukist mikið í sumar sem leið. Almennt skipulag eða reglur um siglingar og landtökur skemmtiferðaskipa við Íslandsstrendur eru ekki fyrir hendi og er það áhyggjuefni. Látrabjarg er mikilvæg varpstöð margra fuglategunda og nokkrar þeirra ná alþjóðlegum verndarviðmiðum. Skip kasta gjarnan akkerum stutt undan bjargi og ferja svo fólk að landi á litlum gúmmibátum eftirlitslaust. Það má leiða líkum að því að í einhverjum tilfellum sé um landtöku að ræða þó erfitt sé að fylgjast með því af bjarginu og ekki er eftirliti frá sjó fyrir að fara.



*Mynd 2: skemmtiferðaskipið Island Sky undir Látrabjargi. Þarna má sjá sjö gúmmibáta á sjó. Einn maður er í fjórum bátanna sem getur bent til þess að fólk hafi verið sett í land. Mynd: Jón Pétursson.*

Með notkun leitarvéla á veraldarvefnum má finna nokkur fyrirtæki sem bjóða upp á siglingar við Ísland og hafa Látrabjarg í siglingaáætlun<sup>11</sup>. Ekki fundust neinar ferðaáætlanir sem beinlínis auglýsa að farið sé í land við Látrabjarg enda er slíkt ekki mögulegt nema ákveðin veðurskilyrði séu fyrir hendi og sæta þarf lagi. Hugsanlegt er að boðið sé upp á ferðir í land ef þessi skilyrði eru fyrir hendi en því ekki lofað sérstaklega. Algengt er að skemmtiferðaskip sem hafa Látrabjarg á siglingaáætlun komi einnig við í Flatey. Í ferðaáætlunum margra þeirra er tiltekið að strandlengju Flateyjar megi skoða úr Zodiac bátum en einungis tekið fram að siglt sé framhjá Látrabjargi. Hugsanlega væri hægt að safna upplýsingum af síðum fyrirtækja um

<sup>11</sup> Nefna má t.d. fyrirtækin National Geographic Expeditions, Polar Cruises, Adventure Life, Lindblad Expeditions, Natural Habitat Adventures, Zegrahm Expeditions o.fl.

hvenær skemmtiferðaskipa er von við Látrabjarg og viðhafa þá athugun á því hvort og með hvaða hætti fólki er hleypt í land, hversu nálægt skipin sigli o.s.frv. Með slíkri athugun og skráningu mætti auðveldlega kortleggja umfangið og ná betri áttun á því við hvað er að eiga.

Í október sendu Bjargtangar, félag landeigenda á Látrabjargi, ábendingu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um truflun af völdum skemmtiferðaskipa undir Látrabjargi. Ráðuneytið leitaði í framhaldinu m.a. álits Náttúrufræðistofnunar Íslands á áhrifum slíkrar umferðar á fuglalíf í bjarginu. Í svari Náttúrufræðistofnunar kemur fram að rannsóknir á áhrifum bátaumferðar við fuglabjörg skorti hér á landi en rétt sé að setja almennar reglur um siglingar að fuglabjörgum þar sem m.a. væri tekið tillit til stærðar skipa við bönn og takmarkanir, ekki hvað síst vegna mengunarhættu. Náttúrufræðistofnun telur að hægt væri að hafa strangari reglur við friðuð fuglabjörg ellegar mætti meta aðstæður við hvert fuglabjarg fyrir sig, þó þannig að undanþágur vegna rannsókna eða nytja væru heimilar. Stofnunin leggur áherslu á nauðsyn rannsókna en bendir einnig á nauðsyn þess að eftirlits- og umsjónaraðilar kynni sér rannsóknir erlendis frá, ef til eru, sem og umgengnisreglur sem séu til staðar á sambærilegum stöðum annars staðar í heiminum<sup>12</sup>.

Árið 2015 kannaði haf- og vatnsteymi Umhverfisstofnunar tíðni og umfang siglinga skemmtiferðaskipa við Hornstrandir í tengslum við vinnu að áhættumati vegna siglinga í nágrenni við friðlandið. Fjöldi skipakoma í Ísafjarðarhöfn hefur stóraukist á tíu ára tímabili og í ár var metið enn slegið. Því er öruggt að tölurnar yfir skipakomur á Hornstrandir hafa tekið breytingum frá árinu 2015. Í matinu var meðal annars skoðað til hvaða aðgerða hefur verið gripið við Svalbarða vegna siglinga skemmtiferðaskipa og má þar nefna bann við umferð á ákveðnum stöðum, útgáfu handbóka og bann við notkun og flutningi á svartolíu innan nokkurra þjóðgarðssvæða til að takmarka hættu á mengun vegna óhappa. Bannið hefur orðið til þess að stærstu skemmtiferðaskipin hafa hætt siglingum á tiltekin svæði. Að auki má nefna að skylda er að hafnsögumaður sé um borð í skipum sem koma til hafnar og falla undir gildandi reglur um hafnsögu<sup>13</sup>.

---

<sup>12</sup> Trausti Baldursson Náttúrufræðistofnun Íslands, tölvupóstur til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, 27. október 2017.

<sup>13</sup> Umhverfisstofnun, Siglingar skemmtiferðaskipa við Hornstrandir, febrúar 2016, óbirt skýrsla.



Mynd 3: skemmtiferðaskip skammt undan Látrabjargi

Sérfræðingur hefur kannað möguleika á því hjá Landhelgisgæslunni /vaktstöð siglinga að nálgast áreiðanlegur tölur um komur skipa undir bjarg og þá jafnvel hvort hægt er að flokka umferð niður eftir tegundum skipa eða fá samanburð milli ára. Slík gögn eru til, sbr. áhættumat Hornstranda sem vísað er í hér að ofan, en þau eru lögvarin þó veita megi heimild fyrir aðgangi að þeim í ákveðnum tilgangi. Úrvinnsla og framsetning

er þó að líkindum kostnaðarsöm<sup>14</sup>.

## Landvarsla sumarið 2017

Undanfarin ár hefur landvarsla á Látrabjargi og nágrenni verið skorin mjög við nögl og hefur vart verið meira en minniháttar eftirlit. Sérfræðingur á Patreksfirði hefur litið til með svæðinu og reynt að sækja það heim einu sinni í viku að meðaltali. Um miðjan maí ákvað ríkisstjórn Íslands að leggja til 160 milljónir aukalega til landvörslu á Íslandi og þar af var Látrabjargi úthlutað tólf landvarðavikum. Miðaðist fjárveitingin við yfirstandandi ár 2017. Þrátt fyrir tilraunir tókst ekki að ráða inn landvörð fyrir allt tímabilið á Látrabjargi enda liðið á sumarið þegar lá ljóst fyrir að unnt yrði að ráða landvörð fyrir allt tímabilið og þeir sem til álita komu þegar búnir að ráðstafa sér annað. Landvörður var þó ráðinn í tímabundna vinnu í júlí en vegna veikinda varð ekki af komu hans. Í ágúst var enn gerð tilraun til að ráða landvörð á svæðið þegar Umhverfisstofnun auglýsti starfið laust frá hausti til áramóta. Mjög fáar umsóknir komu inn og þrátt fyrir góðan vilja og útvegum húsnæðis fékkst landvörður ekki til starfa á svæðinu.

Það fór því svo að eftirlit á svæðinu var með sama hætti og fyrri ár. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði fór að jafnaði einu sinni í viku á Látrabjarg og landvörður í Vatnsfirði í fjarveru hans. Gengið var upp með bjarginu og ástand stíga og innviða kannað, rusl var tínt, ljósmyndir teknar og samskipti höfð við gesti og heimamenn. Einnig var farið nokkrum sinnum í Geldingskorardal og í Keflavík yfir sumarið.

<sup>14</sup> Ásgrímur L. Ásgrímsson Landhelgisgæsla Íslands, tölvupóstur, 3. janúar 2018.




## Framkvæmdir

Landeigendafélagið Bjargtangar fékk styrk að upphæð 2.000.000 frá Stjórnstöð ferðamála til uppsetningar öryggisgirðingar við bjargbrún frá vita að Ritugjá. Styrkurinn átti einnig að dekkja kostnað við leiðbeinandi skilti við öryggisgirðingu, upplýsingaskilti við bílastæði og lagfæringar á tröppum í Smáhömrum við Ritugjá. Umhverfisstofnun bar ábyrgð á verkinu og hafði með því eftirlit. Framkvæmdir hófust í júlí og var þeim lokið í september. Sérfræðingur var í samskiptum við landeigendafélagið Bjargtanga varðandi æskilegt útlit á girðingu og hönnun skilta. Hann sá um að finna verktaka í þá þætti sem hann gat ekki unnið sjálfur og hafði eftirlit með framkvæmdum. Styrkurinn dugði ekki til fyrir upplýsingaskilti við bílastæði og það bíður því betri tíma. Á því er ráðgert að komi fram upplýsingar um gönguleiðir, öryggisatriði og umgengnisreglur, sér í lagi hvernig umgangast skuli fuglinn í bjarginu.

Verkþættir voru eftirfarandi:


- Öryggisgirðing sett upp við bjargbrún, alls 450 m löng. Kristinn Guðmundsson vann verkið.
- Skilti um hrunhættu og fuglavernd, alls tíu stykki, hönnuð og sett upp á tvær stikur hvert með reglulegu millibili meðfram öryggisgirðingu.
- Girðingar sem fyrir voru á bjargbrún fjarlægðar ásamt táknmyndum.
- Tröppur í Smáhömrum við Ritugjá lagfærðar og breikkaðar á kafla. Guðmundur Arngrímsson vann verkið.



Mynd 4: Öryggisgirðing við bjargbrún. Fyrir miðri mynd má sjá útsýnisstaðinn vestan Ritugjár þar sem taka þarf girðingu inn.

Framkvæmdin tókst að mestu leyti vel þó hún hefði farið seinna af stað en ráðgert hafði verið. Við ákvörðun um mörk girðingar var haft til hliðsjónar hættumat sem unnið var af verk-

og jarðfræðiþjónustunni Stuðli ehf, árið 2014<sup>15</sup>. Í matinu er mælt til að fólki sé ekki hleypt nær bjargbrún en 1,5-2 metra á svæðinu frá vita að Ritugjá þar sem að þar séu lausir og brotnir basaltstuðlar og ummerki um nýlegt hrun, auk þess hangi jarðvegstorfur sumsstaðar lausar á brúninni og jarðvegur sé sundurskorinn af lundaholum. Í matinu kemur einnig fram að undir útsýnisstað vestan við Ritugjá, þar sem lagðar hafa verið steinhellur til afmörkunar og gróðurverndar, séu sprungur í berginu. Lagt er til að mörk aðgerða þar séu vel inni á hellulögn. Vegna misskilnings sérfræðings Umhverfisstofnunar og verktaka var girðingin ekki „tekin inn“ við útsýnisstaðinn og þarf að lagfæra það með vorinu.



Mynd 5: Tröppur í Smáhömrum eftir lagfæringu

Við skoðun eftir verklok lagfæringar á steintröppum komu í ljós steinar sem voru lausir og var verktaki beðinn um að lagfæra þá viðgerð svo koma mætti í veg fyrir slys. Til stóð að hann lagfærði tröppurnar í haust sem leið en ekki varð af því. Gert er ráð fyrir að viðgerðin verði lagfærð í vor eða snemmsumars 2018. Það er ljóst að viðgerð síðasta sumars er einungis tímabundin plástrun og bæta þarf aðgengi göngufólks með mun stórtækari hætti enda bera stígar og jarðvegsskemmdir því vitni sem nánar er vikið að síðar í skýrslunni.

Það er mat þeirra sem að verkinu komu að girðingin þjóni hlutverki sínu vel og flestir ferðamenn virða hana þó vissulega hafi þurft að hafa afskipti af fólki sem fór út fyrir hana. Það er aldrei hægt að koma í veg fyrir slíkt ef brotaviljinn er einlægur en fólk er þó upplýst um þá áhættu sem tekin er. Girðingin þjónar bæði kröfum um öryggi ferðamanna auk þess sem fuglinum er helguð ysta bjargbrúnin. Þannig fara saman öryggisatriði og náttúruvernd og er það vel. Rétt væri að setja upp skilti við Ritugjá þar sem



Mynd 6: leiðbeinandi skilti við bjargbrún.

<sup>15</sup> Verkfræði- og jarðfræðiþjónustan Stuðull, 2014, Látrabjarg athugun á útsýnisstöðum, óbirt minnisblað .

girðingin endar þar sem göngufólk er upplýst um að framundan séu 14 kílómetrar af ógirtri bjargbrún og tilmælum beint til þeirra að fara varlega, fylgja troðningum og umgangast fuglinn af virðingu.

Nauðsynlegar aðgerðir vegna framkvæmdar:

- Færa girðingu inn á steinhellur á útsýnisstað vestan Ritugjár.
- Lagfæra viðgerð á steintröppum.
- Setja upp varúðarskilti við Ritugjá þar sem girðing endar.
- Setja upp leiðbeinandi skilti við bílastæði.
- Hugsanlega þarf að fjölga smáskiltum við girðingu.

## Umgengni ferðamanna

Á Bjargtöngum var umgengni flestra gesta góð þó undantekningar séu ávallt fyrir hendi og landeigendur hafi orðið meira varir við þær en landvörður sakir viðveruleysis. Við eftirlit þurfti landvörður nokkrum sinnum að hafa afskipti af fólki sem var með hunda á bjarginu þó svo að skilti hangi uppi við bílastæði. Taka þarf afstöðu til þess hvort leyfilegt eigi að vera að hafa hunda í bandi utan varptíma eða hvort banna eigi þá með öllu á bjarginu. Landvörður hafði þau viðmið að hundar væru alveg bannaðir þegar fugl er í bjarginu en utan þess tíma leyfilegir í bandi. Höfð voru afskipti af fólki sem ætlaði að hita sér mat á áningarborðum við bílastæði og fólki sem fór óvarlega á bjargbrún þannig að hætta skapaðist af eða fuglinum stafaði augljóst ónæði af. Dæmi um hið síðarnefnda eru til dæmis svokallaðar selfie stangir sem festar eru við síma og ferðamenn teygja niður frá bjargbrún til að ná betri nærmyndum af fuglinum, oftast lundanum, við vitann og í nálægð hans. Landvörður týndi upp mikið magn af salernispappír í brekkunum fyrir neðan bílastæðið og í kringum mastur. Einnig virtist vinsælt að leita skjóls við áhaldahús og þar mátti oft finna úrgang, pappír og blautpurkkur. Miðað við vindinn sem hreyfist gjarnan á Bjargtöngum má gera ráð fyrir að rusllosun hafi verið talsvert meiri en það sem landvörður náði að safna saman á stopulum ferðum sínum. Líkast til fer það flest á sjó út sem skilið er eftir.

Fólk tók vel í ábendingar og var viljugt að fylgja leiðbeiningum. Landvörður var að sjálfsögðu einnig til tals við upplýsingagjöf um lífríki bjargsins, fjarlægðir milli staða og aðrar viðlíka upplýsingar sem ferðamenn falast eftir, þá fáu daga sem dvalið var á Bjargtöngum. Skorturinn á frekar landvörslu og gæslu er mikill og álagsstýring verður að koma til.

## Óheimil næturdvöl

Samkvæmt heimildum landeigenda var nokkuð um að ferðafólk reyndi að hafa næturdvöl á bílastæðinu á Bjargtöngum eða í nágrenni þess. Undantekningalaust var því ferðafólki vísað á tjaldsvæðið að Brunnum ef til sást. Landvörður varð ekki var við slíkt í þau fáu skipti sem hann var á svæðinu að kvöldi til. Skilti er banna tjöldun eru til staðar við bílastæðið á Bjargtöngum en hugsanlegt að bæta þurfi við þau. Upplýsingar um að næturdvöl sé óheimil ættu einnig að koma fram á skilti með umgengnisreglum sem ráðgert er að setja upp við bílastæði.

## Utanvegaakstur

Ábúandi og landeigendur verða mikið varir við umgang ferðamanna á Hvallátrum og við Brunna. Bílstjórar hópferðabifreiða lögðu bílum sínum í stæði er tilheyrar sumarhúsum á svæðinu eða utan vega og þurftu þeir sem þar dvelja að hafa mikil afskipti af slíku. Talsvert er um utanvegaakstur í Látravík þar sem ferðamenn sóttu í fjöruna en reynt var að loka fyrir slíkt með spottum. Kristinn Guðmundsson sá að mestu um uppsetningu þeirra en Umhverfisstofnun lagði til eitthvað af stálstaurum og táknmyndir. Landvörður rakaði yfir hjólför á nokkrum stöðum þar sem þau hvetja þá sem á eftir koma til þess að gerast einnig brotlegir við lög er varða utanvegaakstur. Á flötinni í Látravík voru dæmi um að farið væri út fyrir veg á köflum þar sem vegurinn er verstur.

Á Bjargtöngum er ummerki um utanvegaakstur að finna við bílastæði þar sem stærð þess annar ekki fjöldanum á þeim tíma þegar flestir sækja bjargið heim.

## Keflavík

Í maí var hreinsað nokkuð af rusli í Keflavík. Bæði var tínt úr fjörunni en grjóthleðslan neðan við slysavarnarskýlið var einnig tæmd. Þar hafði göngufólk og aðrir sem leið áttu um svæðið sjáanlega safnað saman miklu magni af úrgangi úr fjörunni og er það þakkarvert. Talsvert rusl var einnig tínt í Keflavík í júlí. Bein úr hvalnum sem strandaði í víkinni fyrir nokkrum árum eru enn til staðar í árósnunum en rotnun er vel á veg kominn og lyktin vart greinanleg nema staðið sé yfir leifunum.



Mynd 7: Keflavík

Í júní var sett upp nýtt skilti er merkir veginn að Keflavík ófæran öðrum bifreiðum en 4x4, enda hafði það horfið einhvern tíma yfir veturinn og mun það hafa gerst áður. Einnig var staur með táknmynd sem bannar akstur bifreiða endurreistur

og festur á slóða sem liggur frá skýli niður í fjöru. Hann hafði verið tekinn upp og settur til hliðar. Nýleg ummerki um utanvegaakstur í fjörunni voru til staðar.

## Dýralíf og nytjar

Talsvert varð vart við ref á Bjargtöngum sumarið 2017 sem kom nálægt ferðafólki og hræddist það ekki. Að vetri til má sjá fótspor refa í snjónum upp og niður eftir öllu bjargi svo hann er mikið á ferðinni á öllum árstímum.

Lundinn, sem áður þakti bjargbrúnina við Bjargtanga hefur að miklu leyti hörfað þaðan. Sumarið 2017 sáust einhverjir fuglar flesta daga, í mismiklu magni, en að sögn landeigenda hefur lundinn flutt sig um set og honum hefur fjölgað á öðrum og óaðgengilegri stöðum eins og á Látravelli og Bæjarvelli þar sem eru mikil lundaver.



Mynd 8: refur á Látrabjargi í maí 2017.

Þangað kemst enginn nema fuglinn fljúgandi, eða menn frá sjó. Að sögn landeigenda fer lundinn ekki í holur hafi hann áhorfendur og yfir bjartasta sumartímamann sé ferðafólk á Bjargtöngum nánast allan sólarhringinn. Það geri lundanum ómögulegt að fæða unga sína þar sem hann komist ekki í holur sínar. Komið hafa fram hugmyndir um að loka fyrir umferð göngufólks um bjargið á ákveðnum tíma sólarhrings á varptíma til að veita fuglinum frið og þekkjast dæmi um slíkt á friðlýstum svæðum.



Mynd 9: lundi við Bjargtanga

Náttúrustofa Norðausturlands hefur undanfarin ár vaktað varpárangur fýls, ritu, langvíu og stuttnefju á Látrabjargi. Við Ritugjá er vöktunarmyndavél á Stefni og landvörður leit til með henni á ferðum sínum í sumar. Náttúrustofa er enn að vinna úr gögnum sem aflað var sumarið 2017 en gerir ráð fyrir að tölur liggi fyrir í lok janúar 2018<sup>16</sup>

Björgunarsveitin Blakkur fékk, eins og fyrri ár, leyfi Ríkiseigna til eggjatöku í Bæjarbjargi. Samkvæmt skýrslu sem skilað var inn til Umhverfisstofnunar var farið í eina ferð þann 24. maí og tekin 150 langvíuegg og 50 álkuegg<sup>17</sup>. Landeigendur nýttu sömuleiðis Látrabjargið til eggjatöku og láta vel af varpi þetta árið. Kristinn Guðmundsson telur varp vera að aukast aftur og nefnir þar sérstaklega álkuna. Landeigendur hafa þó miklar áhyggjur af ágangi ferðamanna frá sjó og áhrifum þeirra á varpstöðina.

## Ástand innviða

### Bílastæði

Bílastæði við Bjargtanga er sprungið fyrir allnokkru og stæðið annar fjölda ferðamanna alls ekki á háannatíma. Hópbifreiðar eiga erfitt með að snúa og grípa bílstjórar þá til þess ráðs að fara út fyrir möl og inn á gróið land enda hafa myndast ljót hjólför og djúpir pollar þar sem girðingum sleppir. Skv. nógildandi deiliskipulagi fyrir svæðið er ráðgert að færa bílastæði við Bjargtanga í austur til að minnka álag á bjargbrúnina, auka öryggi gesta og opna möguleika á hringleið göngustíga um bjargið frá bílastæði að Stefni ofan Ritugjár, niður að vita og aftur að bílastæði. Þrátt fyrir að ósætti um gildandi deiliskipulag sé til staðar hjá landeigendum og sveitarfélagið haldi að



Mynd 10: bílastæði við Bjargtanga. Mynd frá 2013.

<sup>16</sup> Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofa Norðausturlands, tölvupóstur, 2. janúar 2018.

<sup>17</sup> Siggeir Guðnason, Björgunarsveitin Blakkur, tölvupóstur, 4. janúar 2018.

sér höndum við framkvæmdahluta þess þá er það tilfinning sérfræðings að menn séu sammála um nauðsyn þess að færa bílastæðið frá bjargbrún og stækka það í leiðinni. Það myndi bæta aðkomu að bjarginu til mikilla muna og yrði gæfuspor. Þá þyrfti óhjákvæmilega að fara í stígalagningu samhliða slíkum framkvæmdum.



Mynd 11: hjólför og pollar við bílastæði á Bjargtöngum.

### Göngustígar

Stígurinn sem Vesturbyggð lagði árið 2015 með styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða er mikið notaður. Hann liggur frá bílplani áleiðis að Smáhömrum við Ritugjá en hann er fyrsti hluti stígakerfis skv. gildandi

deiliskipulagi. Einhverjir ferðamenn fara

stíginn bæði á upp- og niðurleið en aðrir nota hann sem hluta hringleiðar. Þá er gengið upp stíginn að Ritugjá og meðfram bjarginu niður að vita, eða öfugt. Bjargbrúnin frá vita að Ritugjá ber þess merki að þar er minna álag en þegar ofar dregur þar sem engum eiginlegum stíg er til að dreifa. Jarðvegsskemmdir og traðk eru minna áberandi þar en ofan Ritugjár. Þó ber að athuga að meira álag er einnig af völdum fuglsins á jarðveg ofan Ritugjár en á svæðinu frá vita að gjá.



Mynd 12: göngustígur sem lagður var árið 2015 og liggur frá núverandi bílastæði í átt að Ritugjá.

Mikil þörf er á stígalagningu og stýringu umferðar á bjargbrún. Jarðvegurinn er viðkvæmur og sundurgrafinn. Djúp sár hafa myndast og þegar rignir verður mikið forarsvað í troðningum. Þá leitar göngufólk út af troðningum á gróið land og traðkar þannig á endanum niður stærra og stærra svæði. Á stöku stað er stígurinn orðin sex- til sjöfaldur og hefur ásýnd svæðisins versnað til muna á örfáum árum. Á myndum hér fyrir neðan má sjá þá breytingu sem orðið hefur á jarðvegi skammt ofan Ritugjár á fjórum árum. Fyrri myndin er tekin sumarið 2013 og sú seinni sumarið 2017 á svipuðum stað. Báðar eru myndirnar teknar þegar veður var þurr en sem fyrr segir þá fara þessar rásir á flot í aur þegar blautt er í veðri. Þá leitar fólk út fyrir leirinn og upp á gras. Þarna myndast því á endanum breiðgata troðninga ef ekkert verður að gert.



*Mynd 13: troðningar ofan Ritugjár. Mynd tekin í júní 2013.*



*Mynd 14: troðningar ofan Ritugjár. Mynd tekin í ágúst 2017.*



Á „flötinni“ við Ritugjá sem markar leiðina út á Stefnið er ástandið að sama skapi orðið afar slæmt. Gróðurinn er viðkvæmur og nær ekki að jafna sig á vaxtartíma vegna þess fjölda sem fer um svæðið en Stefnið er efsti punktur göngu um 80% þeirra er sækja Látrabjarg heim. Á myndunum fyrir neðan má sjá muninn á svæðinu með fjögurra ára millibili. Eins og áður er fyrri myndin tekin sumarið 2013 og sú seinni sumarið 2017 á svipuðum stað.



*Mynd 15: við Stefnið. Mynd tekin í júní 2013.*



*Mynd 16: við Stefnið. Mynd tekin í ágúst 2017.*

## Tröppur

Tröppur í Smáhömrum við Ritugjá eru of þröngar og anna illa umferðinni sem um þær fer. Til framtíðar þarf að ganga mun betur frá þeim eða finna aðra lausn sem hentar betur. Sem fyrr segir var hluti styrks Stjórnstöðvar ferðamála sem úthlutað var sl. sumar eyrnamerktur viðgerð á tröppunum en hann dugði ekki til og einungis var um smávægilega andlitslyftingu að ræða. Það þarf að breikka uppganginn meira enda myndast þarna mikill flöskuháls þegar margir eru á svæðinu í einu. Þá leitar fólk út fyrir tröppurnar og ógnar bæði eigin öryggi í efsta hlutanum þar sem bratt er, sem og jarðgæðum undirlagsins þar sem gróður treðst niður. Þannig spillist ásýnd svæðisins enn frekar og náttúran lætur á sjá. Tröppurnar eru hluti göngustígs og hönnun þeirra og útfærsla þurfa að taka mið af náttúruvernd og ásýnd.



Mynd 17: tröppur í Smáhömrum við Ritugjá september 2017.

## Skilti

Þau skilti sem til staðar eru, eru flest í ágætu ástandi ef frá eru talin gömul upplýsingaskilti frá Ferðamálaráði Íslands sem fest eru á áhaldahús við vita. Þau hafa látið á sjá þó upplýsingar á þeim séu ágætar. Skilti sem nauðsynlegt er að fari upp á næstu árum við Bjargtanga eru t.a.m.

- Leiðbeinandi skilti við bílastæði á Bjargtöngum þar sem tíundaðar eru umgengnisreglur á svæðinu, sér í lagi umgengni við fuglinn.
- Upplýsingaskilti við bílastæði þar sem helstu gönguleiðir á svæðinu eru settar fram á myndrænan hátt.
- Upplýsinga- og öryggisskilti við enda öryggisgirðingar við Ritugjá þar sem göngufólk er upplýst um að framundan séu 14 kílómetrar af ógirtri bjargbrún og það hvatt til þess að fylgja slóðum og koma fram við fuglinn af virðingu.
- Áberandi skilti við bílastæði þar sem bann við næturdvöl er auglýst.
- Hugsanlega þarf að bæta við smáskiltum meðfram öryggisgirðingu er varða öryggi og fuglavernd en þau eru tíu talsins alls á um 450 m spotta þ.a. á milli þeirra eru 40-50 metrar.

## Salerni

Eina salernisaðstaðan í nágrenni Látrabjargs er á tjaldstæðinu við Brunna. Þar eru tvö vatnssalerni sem knúin eru rafgeymum og sólarcellum en anna illa þeim fjölda sem fer um svæðið. Vesturbyggð sér um rekstur salernanna en verktaki þurfti ítrekað að loka öðru eða

báðum salernum sumarið 2017, ýmist vegna þess að rotþrær önnuðu ekki álagi eða vegna rafmagnsleysis. Í september voru settir upp tveir þurrkamrar en þeir eru ekki opnir yfir vetrartímann. Að sögn standa salernismál við Brunna til bóta. Við veginn frá Brunnum að Bjargtöngum er skilti sem á stendur „WC“ og yfir það hefur verið settur rauður kross. Óvíst er hvort ferðamenn skilji skilaboðin sem svo að framundan séu engin salerni, enda bendir úrgangur og pappír á Bjargtöngum til þess að þetta nái ekki til allra.

### Vegir

Sem fyrr segir er Örlygshafnarvegur númer 612 í slæmu ástandi. Samkvæmt títtnefndu deiliskipulagi fyrir Látrabjargssvæðið var tilfærsla á honum ráðgerð í Látravík en um þá tilfærslu ríkir ekki sátt og ekki hefur orðið af framkvæmdum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni liggur nú fyrir tillaga landeigenda að nýrri veglínu og er hún til skoðunar hjá stofnuninni m.t.t. veghönnunarreglna o.f.l. Vegagerðin vonast til þess að það skýrist fljótlega hvort af verður en í vegaáætlun er gert ráð fyrir að þetta sé næsti kafli sem farið verður í á Örlygshafnarvegi<sup>18</sup>. Við tjaldstæðið á Brunnum lá nokkrum sinnum við slysum í sumar enda er talsverð umferð gangandi fólks við veginn sem á annað hvort erindi á salerni tjaldsvæðisins eða í fjöruna þar sem t.d. má finna friðlýstar fornminjar. Rykmengun við tjaldstæðið og sumarhúsabyggðina á Hvallátrum er umtalsverð þrátt fyrir viðleitni Vegagerðarinnar til rykbindinga.

Vegur 612 er ekki í vetrarþjónustu Vegagerðarinnar og honum er þannig ekki haldið opnum ef fennir. Samkvæmt upplýsingum frá Kristni Guðmundssyni, ábúanda á Hvallátrum, er talsvert um það að vetrarferðalangar sem ekki eru upplýstir um þetta festi sig eða lendi utan vega í ófærð og þarfnist aðstoðar. Lagt hefur verið til að komið verði fyrir slá ofan gatnamóta í Örlygshöfn yfir vetrartímann til að draga úr líkum á slíku. Það er þó Vegagerðarinnar að ákvarða um.

### Friðlýsing Látrabjargs

Fyrri samstarfsnefnd um friðlýsingu Látrabjargs var leyst frá störfum á árinu og ný skipuð í mars 2017 enda hafa forsendur fyrir friðlýsingu svæðisins breyst. Markmiðið nú er að friðlýsa Látrabjarg sem friðland en að sinni hefur verið fallið frá hugmyndum um þjóðgarð er nái yfir stærra svæði þar sem samstöðu um hugmyndina skorti. Í núverandi nefnd eiga sæti fulltrúar

---

<sup>18</sup> Pálmi Þór Sævarsson, Vegagerðin, tölvupóstur, 9. janúar 2018.

landeigenda, Vesturbyggðar og Umhverfisstofnunar. Á fyrsta fundi nýrrar nefndar komu fram tvær tillögur frá fulltrúum landeigenda að mörkum hins friðlýsta svæðis. Hljóðaði sú fyrri upp á svæði er næði frá Þambaraflogum, eftir Brunnanúp, að Hálsvörðu gegnum Lambalá, þar sem vötnum hallar fram á bjargbrún, í sjó fram og alla leið að landamerkjum við Eyjaskorarnúp frá Melalykkju yfir miðjan Þorsteinshvamm og fylgi línán landamerkjum inn til landsins.

Hin tillagan hljóðaði upp á svæði er afmarkaðist af 15 metrum inn frá bjargbrún frá Seljavík sem leið liggur eftir bjarginu endilöngu að landamörkum við enda Bæjarbjargs. Tillögurnar eru sýndar á korti 1. Ljósgræna svæðið afmarkar fyrri tillöguna en bláa lína þá seinni. Athuga ber að bláa línán er ónákvæm og er einungis sett fram í sjónrænum tilgangi, orðaskýring tillögunar er nákvæmari.



*Kort 1: tillögur landeigenda að mörkum friðlýsts svæðis á Látrabjargi.*

Eftir fundinn fór Umhverfisstofnun þess á leit við fulltrúa Bjargtanga að félagið kæmi sér saman um eina tillögu áður en vinnu við friðlýsingu yrði fram haldið. Samkvæmt beiðni landeigenda ályktaði Umhverfisstofnun á haustmánuðum um það hve stórt svæðið þurfi að vera að lágmarki svo að tilgangi friðunar væri náð. Í þeirri ályktun kemur fram að Umhverfisstofnun geti ekki fallist á 15 metra tillöguna þar sem stofnunin telur að það takmarki verulega möguleika til umsjónar og stýringar á álagi svæðisins og þar með möguleikum til að ná fram verndarmarkmiðum fyrirhugaðrar friðlýsingar. Enn fremur kemur þar fram að til að Umhverfisstofnun geti sinnt hlutverki sínu við verndun svæðisins sem friðland fyrir fugla; vistkerfi, tegundir og búsvæði sé nauðsynlegt að stofnuninni sé kleift að stýra umferð um

svæðið og aðkomu inn á það þannig að líffræðileg fjölbreytni og verndun lífríkis og búsvæða á Látrabjargi sé tryggð með sem bestu móti. Af þeim ástæðum telur Umhverfisstofnun að mörk sem dregin væru upp frá Seljavík, ca. 6-700 metra inn frá Bjargtöngum sem leið liggur að landamerkjum við Bæjarbjarg, þannig að bílastæði skv. núgildandi deiliskipulagi yrði innan markanna, myndi þjóna þeirri lágmarkskröfu að stofnunin hefði yfirsýn og möguleika á stýringu á aðkomu inn á svæðið. Á sama tíma yrði Bæjarbjargið allt friðlýst en það er í ríkiseigu. Í ályktuninni er tekið fram að hugsanlega þurfi að breikka mörkin þar sem innviðir, ss. göngustígar og skilti, eru fyrir eða áætlaðir í framtíðinni. Einnig er tekið fram að ef breytingar verði gerðar á deiliskipulagi m.t.t. staðsetningar bílastæðis eða annars er áhrif hefur á svæðið muni stofnunin endurskoða mat sitt á því lágmarkssvæði sem nauðsynlega þurfi að friðlýsa svo verndarmarkið svæðisins nái fram að ganga.

Í ársbyrjun 2018 er boltinn hjá landeigendum en beðið er sameiginlegrar tillögu þeirra allra um mörk svæðisins áður en vinnu verður fram haldið. Ráðgert er að landeigendur fundi um ofangreint í janúar 2018 og verður í kjölfarið tekin afstaða til áframhaldandi vinnu við undirbúning friðlýsingar.

Svo sem komið var inn á í inngangi hefur vinna við friðlýsingu Látrabjargs staðið yfir í langan tíma. Til glöggvunar er hér einföld tímalína yfir það sem helst hefur gerst síðan Alþingi ályktaði um það í fyrstu náttúruverndaráætluninni (2004-2008) sem unnin var samkvæmt þágildandi lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 að Látrabjarg og nágrenni, í áætlun nefnt Látrabjarg – Rauðasandur, yrði friðlýst sem búsvæði fugla:

**Maí 2004:** Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 samþykkt á Alþingi.

**Febrúar 2010:** Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 samþykkt á Alþingi.

**Janúar 2011:** Bæjarstjóri Vesturbyggðar skipar nefnd um framtíðarskipulag Látrabjargs og nágrennis.

**Ágúst 2011:** Sérfræðingur Umhverfisstofnunar tekur til starfa á Patreksfirði.

**Sept-des 2011:** Fundahöld ráðherra, Umhverfisstofnunar, landeigenda og sveitarfélags.

**Apríl 2012:** Vinna við deiliskipulag fyrir Látrabjargssvæðið hefst.

**Júní 2012:** Sumarlandvörður hefur störf á Látrabjargssvæðinu í fyrsta sinn.

**Júní-ágúst 2013:** Fornleifaskráning á Látrabjargssvæðinu í tengslum við deiliskipulagsvinnu.

**Október 2013:** Fyrsti fundur ráðgjafanefndar um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir væntanlegan þjóðgarð.

**Janúar 2015:** Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkir deiliskipulag fyrir Látrabjargi.

**Desember 2015:** Fundir Umhverfisstofnunar með landeigendum í Reykjavík og Patreksfirði þar sem spurningum varðandi friðlýsingu Látrabjargs var svarað.

**Júní – ágúst 2015:** Sumarlandvarsla á Látrabjargi lögð af en lágmarkseftirliti sinnt.

**Desember 2016:** Stjórn Bjargtanga leggur til að mörk þess svæðis sem áætlað er að friðlýsa séu minnkuð þannig að einungis Látrabjarg og næsta nágrenni verði friðlýst sem friðland. Fallið frá áformum um stofnun þjóðgarðs. Stjórn Bjargtanga fer fram á að Umhverfisstofnun setji fram tillögu að hugsanlegum friðlýsingarskilmálum.

**Janúar 2017:** Umhverfisstofnun kynnir tillögu að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendum á Látrabjargi.

**Mars 2017:** Samstarfshópur um friðlýsingu Látrabjarg leystur frá störfum (þjóðgarður).

**Mars 2017:** Nýr samstarfshópur um friðlýsingu Látrabjargs skipaður (friðland).

## Lokaorð

Á Látrabjargi er að finna ein stórkostlegustu fuglabjörg í Evrópu. Bjargið er á lista yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og verndargildi þess er ótvírætt. Ágangur ferðamanna á lífríki og náttúru Látrabjargs hefur aukist mikið og brýnt er að gripið verði til verndarráðstafana strax svo snúa megi við hnignun á bjarginu og í nágrenni þess. Brýnustu verkefni eru að vernda svæðið fyrir ágangi með því að byggja upp innviði, þ.e. að lagfæra bílastæði, leggja göngustíga og ákvarða áningastaði, setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti og setja reglur um umgengni og afmörkun svæða sem ekki á að ganga um. Stórlega þarf að auka á viðveru landvarðar, bæta þarf salernisaðstöðu og mikilvægt er að stefnumarkandi áætlanir séu smíðaðar og settar fram.

Verndun og uppbygging innan svæðisins er í dag á ábyrgð landeigenda en sérfræðingur Umhverfisstofnunar/landvörður hefur þar eftirlit í umboði þeirra. Í umræðum undanfarinna ára um hugsanlega friðlýsingu hefur þeirri spurningu margoft verið velt upp hvort landeigendur á Látrabjargi geti lokað fyrir umferð ferðafólks á svæðinu og beint því frá bjarginu sem valkost í verndun náttúru. Eins og fram hefur komið í þeim umræðum skipar almannaréttur stóran sess í náttúruverndarlöggjöf á Íslandi en honum fylgir óhjákvæmilega ákveðin takmörkun á eignarétti landeigenda og erfitt að sjá fyrir hvernig færi á því að girða svæðið af og koma upp merkingum við hlið og göngustíga á löglegan hátt án þess að til friðlýsingar komi.

Það er mat Umhverfisstofnunar að verndun Látrabjargs sé best komið undir hatti friðlýsingar, ef ekki sem þjóðgarðs þá sem friðlands sem er nægilega stórt til að stýra megi aðkomu og álagi vegna ferðamanna. Sem fyrr hefur stofnunin mikinn hug á því að vera í virkri samvinnu við landeigendur og sveitarfélag um ákvarðanir er varða framtíðaruppbyggingu á svæðinu svo vernda megi hina stórkostlegu náttúru sem þarna er að finna.

## Heimildir

Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir. (2016). *Dreifing ferðamanna um landið. Talningar ferðamanna á áfangastöðum*. Sótt af [http://www.rmfi.is/static/files/Documents/dreifing\\_ferdamanna\\_um\\_landid.pdf](http://www.rmfi.is/static/files/Documents/dreifing_ferdamanna_um_landid.pdf)

Veðurstofa Íslands. (e.d.). Tíðarfarsyfirlit 2017. Sótt af <http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2017>

E. Skjöl í einkavörslu

Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir. (2017). Látrabjarg. Fjöldi bifreiða. .pdf skjal, búið til 19. október 2017, án höfundar.

Umhverfisstofnun. (2016). Siglingar skemmtiferðaskipa við Hornstrandir.

## Myndir

Allar myndir í skjalinu eru Umhverfisstofnunar nema mynd númer 2. Hún er tekin af Jóni Péturssyni og er birt með leyfi hans.